



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Hagfræði 113 (HAG 113) Kennsluáætlun haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hálf dán Örnólfsson	Sk.st.	HÖR
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Markmið: *Að áfanganum loknum skulu nemendur:*

- þekkja grundvöll hagfræðinnar sem fræðigreinar, meginviðfangsefni og grundvallarspurningar
- þekkja helstu einkenni markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- þekkja grunneiningar hagkerfisins og meginhlutverk þeirra
- þekkja lögmál markaðarins og geta útskýrt meginþætti verðmyndunar á markaði
- þekkja til helstu aðila á vinnumarkaði og þeirra þátta er mestu varða í samskiptum þeirra og í launamyndun almennt.
- þekkja hringrás opin, blandaðs hagkerfis
- þekkja til ráðstöfunaruppgjörs þjóðhagsstærða.
- geta skýrt þann mun sem er á vergum hagstærðum og hreinum, þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu, markaðsverði og þáttaverði.
- þekkja helstu tekjuhugtök og aðferðir við að skoða tekjuskiptingu
- þekkja til helstu umsvifa hins opinbera í efnahagslífinu og aðferða til fjármögnunar þeirra
- þekkja til helstu aðila á peningamarkaði, þekkja hlutverk seðlabanka og geta útskýrt hvaða þættir ákvarða peningaframboð, peningaeftirspurn og þar með vaxtastigið
- þekkja til helstu ákvörðunarþátta utanríkisviðskipta s.s. kenninga um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- þekkja til greiðslujafnaðar og samsetningar hans með sérstakri áherslu á viðskiptajöfnuð
- þekkja helstu áhrifaþætti nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- þekkja hugtakið hagvöxtur, helstu ákvörðunarþætti og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála.
- þekkja til helstu vandamála í efnahagslífinu s.s verðbólgu, atvinnuleysis og erlendrar skuldasöfnunnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Hagfræði 113 (HAG 113) Kennsluáætlun haustönn 2011	

Námsgögn: Þjóðhagfræði eftir Hálfán Örnólfsson, 1.útgáfa, prentað sem handrit ÍDNÚ 1996. Verkefnablað og ýmislegt efni frá kennara

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34.	Inngangur að þjóðhagfræði	Verkefnablað 1
35.	Hagkerfið og grunneiningar þess	Verkefnablað 2
36.	Hagkerfið og grunneiningar þess	Verkefnablað 2
37.	Verðmyndun	Verkefnablað 3
38.	Verðmyndun, vinnumarkaður	Verkefnablað 3 Skilaverkefni 1
39.	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefnablað 4
40.	Efnahagshringrás, þjóðhagsreikningar	Verkefnablað 4
41.	Tekjur, neysla, sparnaður og fjárfestingar	Verkefnablað 5 Skilaverkefni 2
42.	Hið opinbera	Verkefnablað 6
43.	Peningamarkaður	Verkefnablað 7
44.	Utanríkisviðskipti	Verkefnablað 8
45.	Utanríkisviðskipti	Verkefnablað 9 Tímapróf 1
46.	Efnahagspróunin	Verkefnablað 10
47. -48.	Hagstjórn, upprifjun.	Verkefnablað 11 Tímapróf 2

Námsmat og vægi námsþátta:

Skilaverkefni 1	10%
Skilaverkefni 2	10%
Tímapróf 1	15%
Tímapróf 2	10%
Ástundun	5%
Lokapróf	50%

Með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf á önninni

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils